

## 3. gr.

Bankarnir skulu hafa eftirlit með því að erlendar innheimtur, sem til þeirra eru sendar, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og greiðslutrygging liggur ekki fyrir, er bönkunum skylt að tilkynna það gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið. Komi í ljós, að greiðsla vörunnar hafi ekki verið tryggð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ber gjaldeyriseftirlitinu að tilkynna það viðkomandi tollstjóra, sem gera skal ráðstafanir til að veran sé endursend innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin kom honum í hendur.

## 4. gr.

Undanþegnar þessari reglugerð eru sendingar allt að 500 kr. að verðmæti, enda séu lögð fram skilríki eða á annan hátt færðar sönnur á, að um gjöf sé að ræða.

## 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er reglugerð nr. 106 12. júní 1950, um viðauka við reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlags-  
eftirlit, numin úr gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 30. janúar 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Pórhallur Ásgeirsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

12

4. febr.

### I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.65 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.50 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

12

**C. Vélantkun.**

4. febr. 1. Um kwst.mæli á 95 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 190.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 38 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:  
 Á 28 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 500.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess 13 aura á notaða kwst.
5. Um mæli á kr. 315.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 13 aura á notaða kwst.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 19 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst.
2. Um kwstmæli á 7.5 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

**E. Önnur orkusala.**

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra sliakra staða á 48 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli, og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 95 aura hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst-mæli á 19 aura hver kwst ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 19 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 95 aura hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á 50 aura hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

**II. MÆLALÆIGA.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.	12
2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 3.00 — —	4. febr.
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 7.00 — —	
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJALD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Brunabótamat:</i>	<i>Jarðlína:</i>	<i>Loftlína:</i>
0— 30 000.00 .....	kr. 900.00	kr. 600.00
30 000.00— 50 000.00 .....	— 1200.00	— 800.00
50 000.00—100 000.00 .....	— 1600.00	— 1200.00
100 000.00—150 000.00 .....	— 1800.00	— 1500.00
150 000.00 og yfir .....	— 2000.00	— 1700.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugagjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á effirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15. 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 231 4. nóv. 1950.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. febrúar 1952.*

Hermann Jónasson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*